

Fundur í skólaráði Akurskóla fimmtudaginn 28. nóvember 2011, kl. 16:00.

Mættir á fundinn eru: Jónína skólastjóri, Erla fulltrúi foreldra, Katrín fulltrúi foreldra, Magnús fulltrúi grenndarsamfélags, Eyjólfur og Ástþór fulltrúar nemenda, Sólveig fulltrúi kennara og Halldóra aðstoðarskólastjóri sem er áheyrnarfulltrúi og ritar fundargerð.

1. Jónína setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Jónína gerði grein fyrir niðurstöðum í samræmdum könnunarprófum 2011. Hjá skólastjóra kom fram að árangur á samræmdum prófum er alls staðar undir landsmeðaltali og að hennar mati er það ekki ásættanlegt og þarf að gera betur. Unnið er að áætlanagerð og markmiðssetningu með kennurum allra námshópa. Stjórnendur fylgjast með kennslu í kennslustundum.. Einnig ætla stjórnendur að funda með nemendum og í samstarfi við foreldrafélagið eru í undirbúningi fundir með foreldrum.
3. Jónína kynnti líka niðurstöður í Læsi II síðustu árin. Jónína gerði grein fyrir þróunarverkefnum sem unnið hefur verið að frá upphafi skólastarfs, benti á mikilvægi þess að slík verkefni standi í meira en eitt ár til þess að tryggja að vinnubrögð festist í sessi og þekking verði til staðar í skólanum. Hjá henni kom fram að erfitt er að fá framhaldsstyrki í verkefni .
4. Fulltrúar nemenda kynntu undirskriftalista sem þeir hyggjast afhenda bæjaryfirvöldum vegna skertra strætisvagnaferða. Fundarmenn lögðu áhersla á að fjölmiðlar verði látnir vita þegar nemendur afhenda listana. Foreldrafulltrúar hafa tekið málið fyrir, voru að velta fyrir sér að ganga í hús.
5. Jónína vakti athygli á skýrslu frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar- samstarfsáætlun um aukið samstarf leikskóla og grunnskóla um eflingu málþroska og læsis.
6. Umræða um kirkjuferð á aðventu. Allir fulltrúar ráðsins tjáðu sig um kirkjuferð og lýstu yfir stuðningi við ferðina. Hjá fulltrúum nemenda kom fram að þeim finnst „kósý“ að fara í kirkju.
7. Fjármál - Jónína sagði frá áætlun fyrir næsta almanaksár – áætlunin byggir á 406 nemendum.
8. Skólanámskrá 2011 – 2012 lögð fram.
9. Fulltrúar foreldra gerðu grein fyrir því að samlokusala var rædd á stjórnarfundi í foreldrafélaginu. Jákvæð viðbrögð hjá stjórn. Huga þarf að því hvernig best er að koma sölunni á hjá nemendum.
10. Magnús sagði frá vinnu í Narfakotsseylu. Þann 1. desember verður athöfn með öllum nemendum í Narfakotsseylu, haldið upp á þann áfanga sem nú er búinn.
11. Umræða um gildi þess að Karólína kennari frá Akurskóla fékk Íslensku menntaverðlaunin 2011 í flokknum Ungur kennari sem hefur við upphaf kennsluferils síns sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt. Fulltrúar allir sammála um að verðlaunin séu ákveðin viðurkenning á starfi skólans um leið og bent er á góð störf Karólínu.
12. Næsti fundur mánudaginn 13. febrúar kl. 16:00.